


*Frá Svartárkoti
til Huldu á Skútustöðum
með viðkomu í Stafnsholti*

Viðar Hreinsson



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 19. mars 2024 kl. 20:00

Í Suður-Pingeyjarsýslu hefur verið öflugt menningarlíf allt frá miðri 19. öld og er svo enn í dag. *Rannsóknarsetrið Svartárvot, menning – náttúra*, „grasrótasetur í heimabyggð“ hóf starfsemi í Bárðardal árið 2007 og hefur staðið að rannsóknum og haldið mörg alþjóðleg námskeið síðan. Sumarið 2021 var náttúruhugvísindasetrið HULDA sett á fót sem samstarfsvettvangur fyrir stofnun nýs rannsóknarseturs Háskóla Íslands í Pingeyjarsveit. Að baki HULDU standa Háskóli Íslands og Svartárvotssetrið í samstarfi við Pingeyjarsveit og er starfsstöð hennar á Skútustöðum í Mývatnssveit. Spjall Viðars verður kryddað með sögum af Helga Jónssyni frá Stafnsholti á Fljótsheiði sem kalla má merkasta óþekhta höfund Íslenskra bókmennta.

Viðar Hreinsson er sérfræðingur í umhverfishugvísindum við Náttúruminjasafn Íslands og stundar rannsóknir á náttúruskyni, birtingarmyndum náttúru og menningarlegri fjölbreytni í íslenskum bókmenntum fyrri alda. Hann lauk BA prófi í íslensku frá Háskóla Íslands 1980 og mag. art. prófi í bókmenntafræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1989. Hann kenndi við framhaldsskóla í tvö ár og í tvö ár við Manitobaháskóla, en var síðan sjálfstætt starfandi fræðimaður um langt árabil, lengst af við ReykjavíkúAkademíuna og var þar einnig framkvæmdastjóri á árunum 2005 til 2010. Árið 2005 hafði hann frumkvæði að stofnun Svartárvotssetursins og hefur verið helsti fræðimaður þess síðan.

Viðar ritstýrði rómuðum enskum þýðingum Íslendingasagna, hefur lengi unnið að rannsóknum á íslenskri bókmennta- og menningarsögu og birt fjölda fræðigreina á Íslandi og erlendis og ritað nokkrar ævisögur. *Ævisaga Stephans G. Stephanssonar* hlaut tilnefningar og verðlaun á Íslandi og vestanhafs. Bók um Jón Guðmundsson lærða sem kom út 2016 er jafnt ævisaga, hugmyndasaga, vísindasaga og aldarfarslýsing. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut Viðurkenningu Hagþenkis 2016. Hann er nú að ljúka ritun bókar um náttúrusýn í íslenskri sagnalist frá landnámi til siðaskipta.

Viðar hefur verið virkur í baráttu um náttúruvernd í áratugi.